

AUGLÝSING

um skilgreiningu línubrjótafjár í Árnassýslu.

1. gr.

Að fengnum tillögum yfirdýralæknis hefur landbúnaðarráðherra ákveðið að í Árnassýslu skuli frá og með haustinu 2004 farga öllu sauðfé sem kemur fyrir í réttum utan sinna heimarétta sbr. 2. gr.

Allt sauðfé sem kemur fyrir utan sinna heimarétta verður flutt beint í sláturhús, lömb lögð inn hjá skráðum eiganda en fullorðið fé bætt sem um línubrjóta væri að ræða.

2. gr.

Heimaréttir skilgreinast þannig:

Svæði	Heimaréttir
Biskupstungur	Tungnaréttir
Flói og Skeið	Skaftholts- og Reykjaréttir
Gnúpverjahreppur	Skaftholts- og Reykjaréttir
Grafningur	Selfatar-, Heiðarbæjar-, Ölfus- og Nesjavallaréttir. Fé sótt beint úr Húsmúlaréttum. Dalsrétt og Fossvallarétt.
Grímsnes, Mjóanes í Þingvallasveit	Kringlumýrarrétt, Klausturhólarétt og Laugarvatnsrétt.
Hlíðahólf	Úthlíð/Austurhlíð
Hrunamannahreppur	Hrunaréttir
Laugardalur	Kringlumýrarrétt, Klausturhólarétt, Efstadalsrétt og Laugarvatnsrétt
Selvogsfé	Selvogsréttir
Þingvallasveit	Heiðarbæjar-, Brúsastaða-, Selfatar- og Nesjavallaréttir. Ölfusrétt. Fé sótt beint úr Húsmúlaréttum. Dalsrétt í Mosfellsbæ, Kjósarrétt, Kollafjarðarrétt og Fossvallarétt.
Ölfus (utan Selvogs), Hveragerðisbær og Selfoss vestan Ölfusár	Ölfusrétt, Nesjavallarétt, Dalsrétt, Fossvallarétt, Húsmúlarétt og Selfatarrétt

3. gr.

Sveitarstjórnir og fjallskilanefndir skulu hlutast til um að tiltækir séu dilkar fyrir sjúkt fé og línubrjóta. Í leitum skal vera tiltækt sérstakt flutningstæki fyrir grunsamlegar kindur.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun til reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar og með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 2004.

F. h.r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólóf Vilhjálmisdóttir.